

„Ég er hrifin af Erró, en fáar konur haldast lengi með honum“

— segir vinkona Errós, Vilai

FI — Ég er hrifin af Erró, og hann gerir mig oft afbrýðis-sama en fáar konur haldast lengi með honum. Það virðist þurfa thailenzka þolinmæði til, sagði svo ljúflega vinkona Errós Vilai Pomptit, þegar við heimsóttum hana á Freyju-götuna og vöktum hana eigin-

lega af værum blundi. Vilai kemur frá Thailandi og þar kynntust þau Erró fyrir heilum sjö árum. Hún vann í bókabúð, hann ferðaðist um heiminn, freistandi að slá til... Sjálfur segir Erró: Ég hafði ferðast yfir allan hnöttinn áður en ég kom til Thailands

annað megum við. Og enga skilja þeir betur en þá listamenn, sem ófsóttir hafa verið í eigin heimalöndum og veita þeim athvarf. Það er þessi ferski franskir andblær sem ég elska.“

Erró hefur búið um sig í lítilli vinnustofu á Saint-Germain en það eru að verða forréttindi nú að komast að í húsnæði í hjarta Parísar, — niðurrífsstefna borgarstjórnar er slík. Til dæmis er stjórnin á góðri leið með að útrýma Montparnasse, sem listamannahverfi, og sagði Erró vinnustofur margra hafa orðið að vikja yrir nýbyggingum í hverfinu, en listamönnum síðan útvegað húsnæði í jafri borgarinnar í 15., 16. og 17. hverfi.

Það er kominn tími til að spyrja Erró hvað væri framundan. „Ég ætla að hætta að sýna um nokkurn tíma og halda á vit náttúrunnar í Bangkok — eða í Suður-Frakklandi. Það er oft niðurdrepandi fyrir mig að halda sýningar og fá gömul verk mín send aftur. Það er ekki gott að sjá of oft, það sem maður hefur gert. Aftur á móti vil ég geyma myndir hjá mér í eitt til tvö ár og láta þær gerjast eins og gott vin. En síðan vil ég snúa mér að öðru. Ef vinnustofan mín er full, dregst ég allur niður, en sé hún tóm, kemur krafturinn. Ég vil ekki alltaf vera að rifja upp. Beztu minningarnar eru nú einu sinni í framtíðinni...“

Næsta myndseriea Errós verður um franska rithöfunda, líf þeirra, fjölskyldu, og ritverk og setur listamaðurinn sig nú sem óðast inn í franskar bókmenntir.

Við vitum ekki, hverrar aðstoðar hann nýtur, en þegar hann málaði portræt af Shakespeare notaði hann enska stúlku, sem ráðin var til hans sem vinkona, til þess að lesa úr leikrit-

um Shakespeares meðan hann vann. „Hún las svo vel þessi stúlka“, sagði Erró, „hún hafði svo fallega rödd og þegar mér leiðist, spila ég þessa rödd af bandi...“



Úr kínversku seriunni, sem gerð var fyrir tveimur árum, og sýnd verður að hluta á Kjarvalsstöðum. „Ég gerði þessar myndir með hollensku lakki og eru þær frábrugðnar öðrum verkum mínum. Jack Nicholson á þrjár þeirra, Polansky tvær og ég á tvær. Hinar eru til sölu“.



Hin thailenzka Vilai Pomptit.

Tímamyndir: Róbert

og þar loksins hittu ég bezta fólkið.

Meðan við Vilai töludum saman bar hún fram kínverskt te sem hún kvaðst drekka allan daginn sér til heilsuþótar. „Kaffi fer illa með höfuðið og vín er ekki fyrir mig“. Í þessu bili kom Guðmunda Kristinsdóttir, húsráðandinn og frænka Errós úr verzlunarferð. Vilai átti ekki orð yfir dugnað þessarar konu sem orðin er sjötug.

„Í Thailandi vinnur enginn neitt eftir fertugt og um sjötugt er fólk dáð eða komið í kór. Börn hugsa um foreldra

sína þegar þau verða fertug og enginn vill þá lengur í vinnu. Þess vegna reynir fólk að koma sér upp sem flestum fyrirvinnum og barnafjöldi er frá sjö og upp í tíu til fimmtán. Engir skattar þjaka fólk en skyldur stjórnvalda eru heldur engar.“

Það kemur á óvart að Vilai er ekkert fyrir fót, en fjárfestir í skartgripum. Hún hefur það alls ekki á tilfinningunni, að Thailendingum stafi nokkur ógn af rauðu khmerunum í Kambódíu og segist alveg róleg þess vegna. „Menn sem

af ótta við kommúnista fluttu fjármuni sína úr landi, flytja þá nú inn í það aftur“ segir hún.

Vilai og Erró standa stutt við á hverjum stað, þrjú mánuðir hér og aðrir þrjú þar, Spánn, Frakkland, Thailand, eilíf hringrás árið um kring, og Vilai heldur áfram að vera látlaus sveitastúlka frá Thailandi að því er Erró fullyrðir og hún heldur alltaf sínum séreinkennum. „Skaplyndi hennar svignar eins og bambusviður. Það er erfitt að koma henni upp en þegar það tekst, skuluð þið sjá hana...“

